

## Auka aðalfundur Félags fornleifafræðinga

Fundurinn var í Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum þann 30. apríl 2018. Fundur var settur klukkan 17:39.

## Dagskrá

### Kosning fundastjóra

Fundurinn hófst á kosningu fundastjóra. Formaður stakk upp á varaformanni félagsins Ástu Hermannsdóttur. Það var samþykkt.

Ásta kynnti dagskrá kvöldsins. Það þurfti að riðla til dagskránni lítillega og breyta röð hennar og var það samþykkt af fundargestum með lófataki.

### 1. Nýir félagar samþykktir

Tveir nýjir félagar voru samþykktir inn í félagið sem auka félagar:

- Arndís Lilja Blöndal Hauksdóttir
- Magnea Dís Birgisdóttir

### 2. Kosning í önnur embætti og nefndir

Kjósa þurfti þriðja fulltrúa í siðanefnd og þurfti sá aðili að vera utan félagsins og var það Ingibjörg Áskelsdóttir, verkefnastjóri rannsókna og forvörslu hjá Borgarsögusafni Reykjavíkur sem var kjörin í embættið.

### 3. Tillögur að lagabreytingum

Stjórn Félags fornleifafræðinga kom með eina tillögu að lagabreytingu. Um er að ræða viðbót við 10. grein laganna sem varðar málefni ritsins Ólafíu. Ólafíusjóðurinn hefur talsvert fé til ummáða fyrir næsta hefti og mun ný stjórn Ólafíusjóðsins búa svo um hnútana að nóg fé verði til ummáða fyrir hvert hefti til þess að hægt verði að borga ritstjóra laun. Fundastjóri las upp breytingartillöguna og svona hljómaði hún:

Ritstjóri fær borgað úr styrktarsjóði Ólafíu Einarasdóttur því sem nemur tveimur mannmánuðum. Upphæðin fer eftir stöðu lausafjár sjóðsins hverju sinni og samningur um greiðslur verður gerður við ritstjóra hvers rits fyrir sig. Tekjur þær er safnast af útgáfu ritsins, t.d. sala þess, skal nýta áfram í útgáfukostnað ritsins.”

Lagabreytingin var samþykkt með lófataki og hljóða því ný lög eins og hér segir:

“10. gr. Félag fornleifafræðinga gefur út ritröðina Ólafíu. Stefnt skal að útgáfu þess annað hvert ár. Hvert rit skal að öllu jöfnu tileinkað ákveðnu þema og birtir efni því tengdu í formi fræðigreina eða ritgerða. Ritstjóri hvers heftis er kosinn á aðalfundi annað hvert ár auk tveggja fulltrúa í ritnefnd sem verða ritstjóra innan handar við útgáfu heftisins. Ritið skal vera ritrynt þegar þema þess miðast við birtingu stakra greina, sem ekki hafa verið gefnar út áður. Efni þess skal að öllu jöfnu vera ritað á íslensku til þess að skapa hefð fyrir notkun hugtaka í fornleifafræði á íslensku. Heimilt er að birta greinar í því á öðrum tungumálum. Ólafía er gefin út fyrir fé úr styrktarsjóði Ólafíu Einarsdóttur, sjálfsaflafé í formi styrkja, sölutekna og annarra framlaga. Fjárhagur ritsins skal vera sjálfstæður og óháður fjárhag félagsins.

Ritstjóri fær borgað úr styrktarsjóði Ólafíu Einarsdóttur því sem nemur tveimur mannmánuðum. Upphæðin fer eftir stöðu lausafjár sjóðsins hverju sinni og samningur um greiðslur verður gerður við ritstjóra hvers rits fyrir sig. Tekjur þær er safnast af útgáfu ritsins, t.d. sala þess, skal nýta áfram í útgáfukostnað ritsins.”

#### **4. Ritstjóri og ritnefnd Ólafíu kosin (ásamt þema heftis VII)**

Beðið var um tillögur að þema og ritstjóra Ólafíu VII. Það hefur reynst erfitt að fá félagsmenn til þess að taka að sér þetta krefjandi verkefni að vera ritstjóri Ólafíu en nú hefur lagabreyting verið samþykkt og fær ritstjóri allt að tveggja mánaða laun fyrir starfið.

##### ***Ein tillaga að þema kom fram:***

*Angelos Paragoris - Politics and archaeology.* Tillagan var samþykkt og Angelos kjörinn næsti ritstjóri Ólafíu.

Ritnefnd verður kosin á næsta aðalfundi í haustið 2018.

#### **5. Önnur mál**

##### ***Vinnureglur siðanefndar Félags fornleifafræðinga***

Stjórnin setti saman vinnureglur siðanefndar og voru þær lesnar upp á fundinum. Líflugar umræður voru um vinnureglurnar og voru þær samþykktar með smávægilegum breytingum. Sjá má vinnureglur siðanefndar neðst í þessu skjali.

Fundi var slitið klukkan 18:51 og þá hófst erindi Steinunnar Kristjánsdóttur *Eruð þið að finna eitthvað? Sumarið framundan.*

# Vinnureglur siðanefndar Félags fornleifafræðinga

I. kafli.

## **Skipan siðanefndar.**

1. gr.

Um skipan siðanefndar fer skv. lögum Félags fornleifafræðinga (hér eftir FF).

2. gr.

Varafulltrúi siðanefndar skal kallaður til þegar aðalfulltrúi nefndarinnar er vanhæfur eða fjarverandi lengur en svo að hægt sé að sinna meðferð erindis í samræmi við ákvæði 17. greinar hér að neðan. Siðanefnd er að öðru leyti frjálst að kalla til varafulltrúa.

II. kafli.

## **Verkefni siðanefndar.**

3. gr.

Almennir félagsmenn og stjórn félagsins geta leitað upplýsinga hjá siðanefnd um hvaðeina sem tengist siðareglum félagsins.

4. gr.

Siðanefnd skal fjalla um erindi sem henni berast og snerta siðferði félagsmanna í starfi þeirra sem fornleifafræðingar. Unnt er að vísa erindum beint til siðanefndar. Einnig getur stjórn félagsins beint erindum til nefndarinnar til umfjöllunar. Siðanefnd tekur mál til meðferðar að eigin frumkvæði, telji hún þess þörf.

III. kafli.

## **Vinnuaðferðir og vinnsla erinda – siðanefnd.**

6. gr.

Siðanefnd skal halda fundi þegar formaður boðar til þeirra. Aðalfulltrúar í siðanefnd skulu almennt vera tilbúnir að veita félagsmönnum leiðbeiningar um efni sem varðar siðareglur. Félagsmaður skal í því tilviki upplýstur um að leiðbeiningar séu ekki í nafni siðanefndar og skrifleg fyrirspurn skuli berast nefndinni, sé um vafaatriði að ræða.

7. gr.

Um vanhæfi fulltrúa siðanefndar gilda ákvæði 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

8. gr.

Fulltrúi siðanefndar getur ekki skorast undan að segja álit sitt. Sé álit hans á annan veg en meirihlutans skal hann skila séráliti.

9. gr.

Siðanefnd getur leitað til sérfróðs aðila um álitssgerð eða samvinnu telji hún ástæðu til.

10. gr.

Siðanefnd skal halda fundargerðir á fundum sínum þar sem fram koma samþykktar ákvarðanir ásamt rökstuðningi. Fundargerð skal staðfest með undirskrift þeirra sem tóku þátt í niðurstöðunni. Fundargerðir ásamt þeim skjölum sem til verða vegna málsmeðferðar siðanefndar, sem og erindi sem vísað er frá, skulu geymd líkt og önnur skjöl félagsins, þó aðgreind sérstaklega og á þann hátt að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.

11. gr.

Fundir siðanefndar eru haldnir fyrir luktum dyrum. Siðanefndin, sem og sérfróðir aðilar sem hún hefur leitað til eru bundnir þagnarskyldu.

12. gr.

Siðanefnd skal greina stjórn frá fjölda, umfangi og eðli þeirra mála sem nefndin hefur haft til meðferðar og niðurstöður mála sem leidd eru til lykta á árinu. Stjórn skal greina frá þeim upplýsingum á aðalfundi félagsins ár hvert.

IV. kafli.

### **Meðferð erinda fyrir siðanefnd og niðurstöður.**

13. gr.

Félagsmenn sem og aðrir aðilar geta sent siðanefnd erindi vegna meintrar brotlegar háttsemi félagsmanna sem og fyrirspurnir vegna vafamála. Erindi skulu berast formanni siðanefndar formlega með bréf- eða tölvupósti. Í erindinu skal taka fram nafn þess sem talinn er hafa brotið af sér og gera grein fyrir meintri brotlegri háttsemi. Formaður siðanefndar upplýsir stjórn FF um að erindi hafi borist siðanefnd, en gerir ekki efnislega grein fyrir erindinu. Berist stjórn FF erindi sem ætlað er siðanefnd skal erindið strax sent formanni siðanefndar.

14. gr.

Að höfðu samráði við aðra nefndarmenn tekur formaður ákvörðum um hvort erindið skuli tekið til meðferðar. Endursenda skal erindi sem vísað hefur verið frá.

15. gr.

Siðanefnd ber ekki skylda til að taka nafnlaus erindi til meðferðar. Erindi sem varða atvik sem áttu sér stað fyrir meira en 10 árum eru ekki tekin til meðferðar.

16. gr.

Siðanefnd getur vísað erindi frá ef meira en tvö ár eru liðin frá því að atburður átti sér stað, atburðurinn er lítils háttar að mati siðanefndar og/eða sannanir eða vitnisburður ónógur.

17. gr.

Þegar formaður hefur tekið ákvörðun um að erindi skuli tekið til meðferðar skal kynna erindið á næsta fundi nefndarinnar. Siðanefnd ber að taka erindi til umfjöllunar innan 30 daga, nema eðlilegir annmarkar hindri slíkt, t.d. sumarleyfi nefndarinnar.

18. gr.

Um leið og erindi er tekið til meðferðar skal málsaðilum (málshefjanda og gagnaðila) tilkynnt um ákvörðun nefndarinnar. Gagnaðila skal jafnframt sent afrit af erindinu með fylgiskjölum, nema því aðeins að siðanefnd meti það svo að hagsmunir þriðja aðila standi í vegi. Gögn sem gagnaðila hefur verið meinaður aðgangur að verða ekki lögð til grundvallar niðurstöðu. Honum skal einnig gefið tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri innan þrjátíu daga eftir að hann fékk upplýsingarnar í hendur.

19. gr.

Siðanefnd skal upplýsa málshefjanda og gagnaðila um siðareglurnar og um þær vinnureglur sem í gildi eru.

20. gr.

Siðanefnd metur sjálfstætt hversu umfangsmikil rannsókn málsins skuli vera, hvaða gögn hafa þýðingu fyrir málið og hvaða gögn eru notuð við málsmeðferðina.

21. gr.

Siðanefnd getur kallað fyrir sig aðila málsins. Aðili skal upplýstur um að hann á rétt á að hafa með sér aðstoðarmann. Aðstoðarmaður hefur málfrelsi innan ramma almennra fundarskapa.

22. gr.

Enginn kostnaður vegna mála þeirra er tekin eru fyrir hjá siðanefnd skal greiddur af FF, að undanskildum ferðakostnaði og öðrum beinum kostnaði fulltrúa siðanefndar. Málsaðilar bera sjálfir þann kostnað sem þeir stofna til vegna erinda sem eru til meðferðar hjá siðanefnd.

23. gr.

Málsaðilar hafa rétt á að kynna sér öll gögn máls, nema því aðeins að ákvæði þessara reglna eða sérstakar ástæður mæli gegn því. Niðurstaða siðanefndar verður aðeins grundvölluð á gögnum sem báðum málsaðilum hefur verið heimilað að kynna sér. Munnlegar upplýsingar sem fást í viðtölum eða símtölum skulu skráðar niður og sendar viðkomandi til skriflegrar staðfestingar ef efni viðtalanna eða símtalanna hefur að geyma upplýsingar sem hafa þýðingu í vinnslu málsins.

24. gr.

Ef málsaðili hafnar samvinnu við rannsókn máls eða skilar ekki umbeðinni greinargerð innan tilskilins tíma, getur siðanefnd að eigin ákvörðun annað hvort

vísað erindi frá eða komist að niðurstöðu á grundvelli þeirra gagna sem liggja fyrir.

25. gr.

Þegar siðanefnd hefur komist að niðurstöðu skulu bæði málshefjandi og gagnaðili fá upplýsingar um niðurstöðuna. Málsaðilum skal sent niðurstöðubréf/úrskurður nefndarinnar. Úrskurðir siðanefndar skulu að jafnaði ekki birtir öðrum en málshefjanda og gagnaðila, enda er stéttin fámenn og erfitt að haga málum þannig að málsaðilar njóti sannanlega nafnleyndar.

V. kafli

### **Niðurstöður siðanefndar**

26. gr.

Siðanefnd getur komist að eftirfarandi niðurstöðum:

1. Vísað erindi frá án rannsóknar (sjá gr. 14 til 16).
2. Látið erindi falla niður að lokinni rannsókn. Í því tilviki hefur ekki verið um að ræða brot á siðareglum.
3. Ráðgjöf siðanefndar til félagsmanns. Ekki hefur verið um að ræða afgerandi brot á siðareglum.
4. Skrifleg áminning siðanefndar.
5. Ráðlagt stjórn FF að áminna félagsmanninn og upplýsa hann um að gripið verði til brottreksturs úr félaginu ef áminning ber ekki árangur.
6. Ráðgjöf til stjórnar FF um brottrekstur úr félaginu.